

## **Stjórnarfundur Geðhjálpar miðvikudaginn 27. ágúst kl. 16:00**

Mætt: Birgir Páll Hjartarson, Ebba Ásmundsdóttir, Grímur Atlason, Hallgrímur Hrafnsson, Jón Ari Arason, Svava Arnardóttir og Sigurborg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð

### **1. Fundargerð frá 10. júní sl.**

Samþykkt

### **2. Skýrsla framkvæmdastjóra**

Mikið að gera hjá Geðhjálp eftir sumarfrí, þ.á.m. verkefni tengd útgáfu Geðhjálparblaðsins og undirbúningur fyrir Geðlestina og næsta skólaár Bataskólans. Geðhjálp er með í skoðun hvaða farvegur er ákjósanlegastur til að koma á framfæri kvörtun vegna heilbrigðis- og félagsþjónustu í einkaeigu sbr. Bjarg vistheimili.

### **3. Raddanámskeið Trevor Eyles**

Þjálfun í gagnlegum aðferðum í tengslum við raddir og aðra óhefðbundna skynjun hefst 1. september örfá pláss eru laus.

### **5. The Global Exchange Conference**

Geðhjálp ætlar að skoða mögulegt samstarf vegna ráðstefnunnar, The Global Exchange Conference haust 2026.

### **6. Geðhjálparblaðið**

Vinna við Geðhjálparblaðið gengur vel og margar greinar tilbúnar. Blaðið verður tilbúið um miðjan september.

### **7. Skuggaskýrsla**

Hluti Geðhjálpar í skýrslunni fjallar m.a. um nauðung og þvingun og notendur komu að því. Erum mjög stolt af afrakstri Geðhjálpar til skýrslunnar. Stefnum á að vera með opunarhóf þegar skýrslan verður formlega gefin út.

### **8. Gulur september og Geðlest**

Þann 1. september verður opunarhóf vegna Guls september í Samfélagshúsi Vitatorgs. Geðlestin fer fram 16. Og 17., september og 22. – 25. september. Farið verður á fundi í nokkur sveitafélög eins og áður. Vinna og hlutverk í tengslum við Geðlestina og opunarhófið rædd.

BP  
SS HJK  
AA

## 9. Qair samstarfsviðburður

Svava segir nánar frá útfærslu verkefnisins, áætlað er að viðburðurinn verði í október.

## 10. Evrópuverkefni

Rædd voru þátttaka í tveimur evrópuverkefnum og mögulega þátttöku Geðhjálp okkar í þeim, samþykkt að taka ekki þátt að sinni.

## 11. Gagnagrunnur í tengslum við lyf og upplýsingar um lyf (dæmi um þannig gagnagrunn

<https://www.theinnercompass.org/>)

Stjórn hefur ákveðið að fara að vinna að undirbúningi að íslenskum gagnagrunni er varðar upplýsingar um geðlyf.

## 10. Ísland – Úkraína landsleikur 10. október.

Úkraínska knattspyrnusambandið setti sig í samband við Geðhjálp í tengslum við fyrirhugaðan viðburð 9. október vegna landsleiks Íslands og Úkraínu. Áhersla á geðheilsu og Geðhjálp mun skoða að taka þátt í.

## 11. Short guide series frá Mental Health Europe

Skoðuðum fræðsluefni frá Short guide series frá Mental Health Europe – mjög aðgengilegt efni. Stjórn ákveður að vinna að einhverju sambærilegu á íslensku.

## Önnur mál

Birgir minnir á 10. október sem er Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn. Mikilvægt að sýna samstöðu á þeim degi.

Svava segir frá fyrirhugaðri heimsókn frá Geðheilsuteymi vestur þann 1. Október.

Stjórn vann í framhaldinu að stefnumótunarvinnu fyrir komandi vetur.

Fundi slitið kl. 20:00

BPM HJH

JA

66A  
SG